

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með viðauka 1. marz 1970 um núgildandi 11% söluskatt, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanskyldri notkun til rafhitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps nr. 138 22. apríl 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

9. maí 7972.

Nr. 114.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og með verði sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 11.72 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 4.18 hver kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 57.40 á ári af hverjum fermetra gólfplatari í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verzlunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 17.60 af fermetra á ári.

B. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.64 hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 1.15 á mánuði af gólfplatarkerfi. íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

C. Vélanoetkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 6.20 hver kwst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 1 385.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum, kr. 5.83 hver kwst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk, kjöt og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
 - a) Um kwst.mæli á kr. 2.02 hver kwst. enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, í mesta álagstíma rafveitunnar um hádegið og síðdegis en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits, um að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b) Um tvígjaldsmæli á kr. 12.50 hver kwst. í 1½ klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, en þó eigi lengur en í klst. í senn, en kr. 2.02 hver kwst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 3 125.10 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu mælt sem 15 mín. meðalalag og auk þess kr. 1.15 á notaða kwst.

D. Hitun.

1. Um kwst.mæli á kr. 0.80 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn.
2. Um kwst.mæli á kr. 0.40 hver kwst. í 9 klst. á tímanum 22 til 7.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að rafveitan leggi til álagsstýringarliði og annist viðhald þeirra.
- c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafizt.

E. Önnur raforkunotkun.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slikra staða á kr. 3.63 hverja kwst. enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
 2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur um kwst.mæli á kr. 7.04 hver kwst.
 3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kwst.mæli á kr. 1.15 hver kwst. á tímanum frá 22 til 8.30 og kr. 2.70 hver kwst. á tímanum frá 8.30 til 22.
 4. Til gatnalýsingar á kr. 3.79 hver kwst.
- Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra gjaldskrárliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1—1.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasamælum upp að 30 amp.	kr. 19.36 á mán.
Af þrifasamælum 50—220 amp.	— 60.17 — —
Af þrifasamælum upp að 50 amp.	— 22.24 — —
Af þrifasamælum yfir 220 amp.	— 83.34 — —
Af liða fyrir álagsstýringu	— 75.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leigan er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 425.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 425.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvís að notkun raforku án mælingar skal hann sæta ábyrgð skv. lið 2, nema þyngri refsing liggja við.

IV. HEIMTAUGARGJÖLD

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar, og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun

húsnæðis og helztu raforkunotkun og jafnframt leggja fram raflagnateikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri eign (hverri lóð) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi töflu:

Gjaldskrár- liður	Málstraumur í 3 × 220 V kerfi amp.	Stofnvara í 3 × 380 V kerfi amp.	Heimtaugar- gjald KVA	kr.
1.	2 × 60	1 × 60	13	10 000.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	13 200.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	18 865.00
4.			50 sp.	22 340.00
5.		3 × 100	66	31 030.00
6.	3 × 200		75	37 730.00
7.			100 sp.	44 680.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	61 900.00
9.			150 sp.	71 030.00
10.			200 sp.	89 365.00
11.	3 × 350		231	103 000.00
12.			300	143 000.00
13.			500	237 600.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stytztu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig: $Y_j = (250 + 4 \text{ KVA}) \text{ kr./m.}$ Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 m. Þannig: $Y_1 = (50 + 3 \text{ KVA}) \text{ kr./m}$ að viðbættum kr. 4 674.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir fyrir hans eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 2 450.00
60 amper þrífasa	— 3 220.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkv. kostnaði.

Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva, að dómi rafveitustjóra.

Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur samkv. lögum nr. 10/1960 um söluskatt með viðauka 1. marz 1970 um nógildandi 11% söluskatt, er talinn með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, að undanskyldri notkun til rafhitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Njarðvíkur nr. 90 20. marz 1970 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 9. maí 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 115.

8/10 1971.

S A M Þ Y K K T

um sveitarstjóra í Flateyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast séu framkvæmd. Hann annast innheimtu á öllum tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast alla bókun og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðubríf hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að bera ábyrgð á. Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Launakjör sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem um getur í 6. gr. og greiðast úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt af hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem